

Alþingi
Erindi nr. P 131/360
komudagur 2.12.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
- Guðlaugur Þór Þórðarson-
Austurstræti 8-10a
150 Reykjavík



Egilsstaðir 1. desember 2004

Efni: Umsögn Héraðsskóga um frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags-og byggingarlögum, nr. 73/ 1997 með síðari breytingum.

Verði frumvarp þetta að lögum óbreytt er ljóst að það mun hafa í för með sér mikið óhagræði og kostnaðarauka fyrir þátttakendur í Héraðsskógaverkefninu sem og öðrum landshlutabundnum skógræktarverkefnum. Héraðsskógar vísa til rökstuðnings í athugasemdum Skógræktar ríkisins, dagsettar 30. nóvember, um sama efni og taka heilshugar undir þær athugasemdir og þá greinagerð sem þeim fylgir.

Virðingarfyllst

Guðmundur Ólafsson

Fylgiskjal: Umsögn Skógræktar ríkisins dagsett 30.11.2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Akureyri, 30. 11. 2004

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags-og byggingarlögum, nr. 73/ 1997 með síðari breytingum. Umsögnin er í tveim meginliðum.

Ljóst er að þetta frumvarp mun hafa verulegan kostnaðarauka og óhagræði í för með sér fyrir skógræktendur, verði það að lögum óbreytt. Með skógræktendum er átt við skógræktarfélag, skógarbændur og aðra einstaklinga en síður opinbera aðila í skógrækt.

1. liður: Athugasemdir Skógræktar ríkisins beinast að 19. gr. frumvarpsins um D lið 1. töluliðar 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum sem orðast svo:

“Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum, svo og ruðningur á náttúrulegum skógi “.

Skógrækt ríkisins leggur til að í stað 50 ha verði fallist á 200 ha eins og gert er ráð fyrir í nógildandi lögum.

Skógrækt ríkisins leggur einnig til að í stað orðsins “ruðningur” í síðasta málslið komi “varanleg eyðing”.

Greinargerð

1. Reynslan af nógildandi lögum er sú að flestir skógræktendur skipuleggja skógræktarsvæði sem eru minni en 200 ha til að forðast þann kostnað sem tilkynning vegna mats á umhverfisáhrifum hefur í för með sér. Verði mörkin sett við 50 ha munu skógræktendur einfaldlega skipuleggja sína skógrækt á svæðum sem eru innan við 50 ha. Rétt er að taka fram að hjá skógræktarverkefnum á vegum hins opinbera (landshlutabundnu skógræktarverkefnunum og Landgræðsluskógum) þurfa umsækjendur að ganga frá mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi, sé þeirra krafist, áður en til greina kemur að gera við þá samning.
2. Á undanförunum árum hefur gerð skógræktaráætlana verið forsenda fyrir framkvæmdum við nýræktun skóga. Við gerð þessara áætlana er leitast við að fella skógræktina sem best að landslagi og staðháttum. Út frá ásýnd lands, líffræðilegri fjölbreytni og hagkvæmni telja flestir heppilegra að rækta stór, samfelld skógarsvæði og þá skilja eftir önnur stór, samfelld svæði skóglaus. Ef

viðmiðunarmörk nýskóga í lögum um mat á umhverfisáhrifum verða færð niður í 50 ha. mun reynast erfiðara að ná þessu markmiði.

3. Líklegt er að vegna tillögu um 50 ha í stað 200ha verði ásókn í að gera fleiri en eina skógræktaráætlun á hverri jörð.
4. Jaðaráhrif smærri skóga eru hlutfallslega meiri en stærri svæða, mun það geta valdið óþarfa snjóbrotum og vaxtarskerðingu.
5. Ennfremur má nefna að við grisjun, hirðingu, lagningu þjónustuvega og síðar fellingu skóganna nýtist hagkvæmni stærðarinnar og stuðlar að lægri rekstrarkostnaði. Smærri reitir hafa í för með sér óhagræði og aukinn kostnað til mjög langs tíma.
6. Vitnað er til þess að algeng viðmiðunarmörk nýskóga í Evrópu séu 50 ha. Þess ber að geta að þar eru jarðir oftast mun minni að flatarmáli en hérlendis. Í Þýskalandi eru mörk nýskógræktar sem ekki er háð tilkynningu vegna mats á umhverfisáhrifum 50 ha, en meðalstærð jarðar er 44 ha. Það er því afar sjaldgæft að landeigendur séu að taka svo stórar spildur til skógræktar. Á Íslandi er meðalstærð jarða um 750 ha og því er fullkomlega óeðlilegt að miða við landstærðir þær sem eiga við í Evrópu.
7. Lagt er til að orðin *varanleg eyðing* komi í stað *ruðningur* í síðasta málslið. Ástæðan er sú að óljóst er hvað átt sé við með ruðningi. Mönnum dettur helst í hug að farið sé með jarðýtu um skóglendi en felling skógar með því að saga trén niður er ekki endilega ruðningur. Mergur málsins er sá að það er varanleg eyðing skógar, þannig að hann endurnýi sig ekki, sem er áhyggjuefnið, ekki hvernig farið sé að því.

2. liður: Vegna breytinga á Skipulags og byggingalögum, nr. 73/1997 með síðari breytingum gr. 27 um framkvæmdaleyf..

Fyrsta málsgrein 22. greinar.

“Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum”

Skógrækt ríkisins og skógræktaraðilar á Íslandi líta þannig á að ekki sé þörf á framkvæmdaleyfi á skógræktarsvæðum sem eru undir 200 ha að flatarmáli, samanber greinargerð úrskurðanefndar í máli Litlu Fellsaxlar dags. 31.okt. 2001.

Þar eru viðurkennd sömu stærðarmörk fyrir veitingu framkvæmdaleyfa og samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Verði stærðarmörkum skógræktarsvæða breytt í lögum um mat á umhverfisáhrifum er ljóst að þau viðmið verða að öllum líkindum tekin upp í öllum skipulagsáætlunum sveitarstjórna þar sem fjallað er um skógrækt. Skógrækt ríkisins telur ekki eðlilegt að

sérstaklega þurfi að taka fram að landgræðslu- og skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Skógrækt ríkisins leggur því til að síðasta málsgrein 27. gr. laga þar sem stendur: „Landgræðslu og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir” verði felld niður.

F.h. Skógræktar ríkisins

**Hallgrímur Indriðason
-skipulagsráðunautur-**

**Míðvangi 2-4 700
Egilsstöðum.**

**Búgarði, Óseyri 2,
600 Akureyri.**